

## Aðalfundur SNS 2015

Haldinn á Hótel Höfn þann 9. apríl 2015.

Fundinn sátu forstöðumenn náttúrustofanna: Böðvar Þórisson, Kristín Hermannsdóttir, Róbert A. Stefánsson, Þorkell L. Þórarinsson, Ingvar A. Sigurðsson, Sunna B. Ragnarsdóttir og Jón Á. Jónsson. Enginn fulltrúi frá Náttúrustofu Norðurlands vestra mætti á fundinn en starfsemi hennar liggur niðri um þessar mundir.

Einnig sátu fundinn: Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Snævarr Guðmundsson, Áslaug Lárusdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Halldór W. Stefánsson.

Kristín Hermannsdóttir var fundarstjóri og Jón Ágúst skrifaði fundargerð.

Fundur var settur kl. 11:45.

Dagskrá:

### 1. Skýrsla stjórnar

Fráfarandi formaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir árið 2014:

Þann 1. janúar 2014 tók til starfa ný stjórn SNS sem skipuð var þeim Þorkeli Lindberg Þórarinssyni, formanni, Róberti Arnari Stefánssyni og Kristínu Hermannsdóttur. Skipunartími stjórnarinnar var út árið 2014, skv. lögum SNS.

#### *Fundir stjórnar og forstöðumanna*

Stjórn SNS fundaði fjórum sinnum í síma árið 2014. Á fundunum voru lagðar línur um störf stjórnar, s.s. undirbúning aðalfundar 2014 og samskipti við ráðuneyti og fjárlaganefnd.

Aðalfundur SNS var haldinn á Hótel Reykjavík Centrum þann 25. mars. Auk hefðbundinna samþykka aðalfundar var ályktað um að skilgreina náttúrustofur sem hóp í Horizon 20/20 og skrá þær á síðuna, auk þess að leita markvisst að verkefnum (calls) sem gætu hentað stofunum. Einnig var ákveðið að hefja samræmingu á gagnaskráningu.

Auk aðalfundar funduðu forstöðumenn náttúrustofa þrisvar sinnum í síma árið 2014. Á fundunum voru að venju teknar umræður og ákvarðanir um sameiginleg málefni náttúrustofanna.

#### *Umsagnir*

Alls skiluðu náttúrustofurnar tveimur sameiginlegum umsögnum í nafni SNS árið 2014. Þær voru:

- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnarsýslu um málefni hreindýra til hreindýraráðs.
- Umsögn um drög að reglugerðum um refa- og minkaveiðar.

#### *Annað*

Ýmis önnur verkefni voru unnin í nafni SNS árið 2014. Ber þar helst að nefna eftirfarandi:

- Minnisblað til ráðherra 4. mars um rekstur náttúrustofa og aðkomu ríkisins. Stjórn setti saman minnisblað, í samráði við aðra forstöðumenn, sem lagt var fyrir umhverfisráðherra á fundi 4. mars. Kristín og Róbert sátu fundinn f.h. SNS. Í kjölfar fundarins var náttúrustofum boðið að fylla út verkefnalista sem stýrihópur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins notar í sinni vinnu við að móta tillögur að aukinni hagræðingu í málefnum ráðuneytisins. Þeim upplýsingum var skilað þann 14. mars.
- Erindi á ársfundi NÍ um fuglavöktun náttúrustofa. Þorkell Lindberg flutti f.h. SNS.
- Kvörtun til Jóns Gunnars vegna ummæla hans um náttúrustofur og forstöðumenn þeirra á ársfundi NÍ. Þar brigslaði hann forstöðumönnum náttúrustofa um ósannsógli þegar kemur að málflutningi þeirra um þróun fjárveitinga. Sent 14. apríl og afrit á ráðuneytisfólk sem var á ársfundinum.
- Tillögur að fuglavöktunarverkefnum fyrir Veiðikortasjóð. Umhverfisráðuneytið kallaði formann SNS til fundar í ráðuneytinu þann 6. nóvember 2014. Í kjölfarið unnu þrír fulltrúar náttúrustofa (Þorkell, Róbert og Erpur) að tillögugerðinni í samstarfi við tvo fulltrúa NÍ, þá Kristinn Hauk og Ólaf K. Nielsen. Tillögum var skilað í desember.
- Formaður SNS kannaði möguleika á sameiginlegum innkaupum á landupplýsingaforritinu ArcGIS. Niðurstaðan var sú að einfaldast er að hver og ein náttúrustofa semji um sín leyfi.
- Ákveðið var að færa bókhald SNS frá NAVE, að beiðni setts forstöðumanns NAVE Böðvars Þórissonar. Samþykkt var að Náttúrustofa Suðausturlands tæki bókhaldið til sín frá og með árinu 2015.
- Samráðsfundur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Kallað var til samráðsfundar NÍ, UST og náttúrustofa í ráðuneytinu þann 14. maí. Fundurinn var vinsamlegur en skilaði engu.
- Ráðgjafahópur um vatnasvæði/vatnshlot í tengslum við vatnatilskipun Evrópusambandsins. Þorleifur hafði verið fulltrúi SNS í þessari nefnd en Sunna tók sæti hans til bráðabirgða árið 2014 og fór á einn fund. Hafdís fór einnig á einn fund.
- Landskipulagsstefna. Kristín var fulltrúi SNS í vinnuhópi og tók þátt í einum fundi um landsskipulagsstefnu og las þær kynningar sem lagðar voru fram.

Víst er að fram undan bíða nýrrar stjórnar SNS ýmis krefjandi verkefni árið 2015.

Vinnuhópar um einstök verkefni munu eflaust verða öflugir á árinu að venju. Þá er mikilvægt að eiga áframhaldandi og helst aukna samræðu við ráðuneytið um verkefnatengdar fjárveitingar til náttúrustofanna. Óska ég, sem fráfarandi formaður og stjórnarmaður, nýrri stjórn gæfu og gengis á árinu 2015.

F.h. stjórnar SNS árið 2014

Þorkell Lindberg Þórarinsson, formaður

Nýr formaður kynnti einnig starfsskýrslu formanns fyrir tímabilið janúar til mars 2015:

Gríðarlegur fögnuður braust út á götum Stykkishólmsbæjar að kvöldi 31. desember síðastliðinn, sem stóðu fram á nótt, þegar ljóst var að formannstign Samtaka náttúrustofa var u.þ.b. að flytjast til Stykkishólms. Var jafnvel skotið á loft flugeldum að því tilefni.

Í stjórn Samtaka náttúrustofa árið 2015 sitja Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands, Jón Á. Jónsson, Náttúrustofu Austurlands, og Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands, sem er formaður.

Þrátt fyrir að þrír forstöðumenn náttúrustofa sitji í stjórn SNS hverju sinni hefur skapast sú venja að flest mál eru borin undir alla forstöðumenn sé þess kostur en stjórnin ber þá ábyrgð að hafa frumkvæði og fylgja málum eftir.

Símafundur allra forstöðumanna voru haldnir 19. janúar og 25. mars. Þess utan áttu stjórnarmenn í ýmsum samskiptum í síma og tölvupósti.

Helstu málefni stjórnar í janúar til mars árið 2015:

#### *Undirbúningur Náttúrustofuþings*

Náttúrustofa Suðausturlands hafði veg og vanda að undirbúningi 8. Náttúrustofuþingsins sem haldið er utan Reykjavíkursvæðisins; með dálítili ráðgjöf stjórnar og annarra forstöðumanna náttúrustofa.

#### *Breytingar á fyrirkomulagi úthlutana úr Veiðikortasjóði*

Síðla árs 2014 fól umhverfis- og auðlindaráðuneytið Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) og náttúrustofum (SNS) að gera tillögur að breyttri úthlutun úr veiðikortasjóði, þar sem stórum hluta sjóðsins yrði úthlutað til fuglavöktunarverkefna. NÍ átti tvo fulltrúa í vinnuhópi og SNS þrjá, Erp Snæ Hansen, Þorkel Lindberg Þórarinsson og Róbert A. Stefánsson. Hópurinn skilaði af sér drögum að tillögum í desember 2014 en á næstu vikum verður haldinn samráðsfundur stofnana og hagsmunaaðila í ráðuneytinu, sem markar framhald vinnunnar.

#### *Fuglavöktun*

Rætt hefur verið um að halda áfram vinnu síðustu ára við mótun vöktunaráætlana um fugla, sér í lagi bjargfugla og mófugla, og í því samhengi stefnt á nánara samstarf við NÍ um mótun áætlana.

#### *Fundur um stefnumörkun á sviði rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands*

Þann 16. febrúar sótti formaður fund f.h. SNS, sem boðað var til af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Til hans var boðið fulltrúum hagaðila og stofnana og var umfjöllunarefnið umgjörð og stefnumótun á sviði rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands. Fundurinn, þar sem skipt hafði verið fyrirfram í umræðuhópa, fjallaði í raun um það hvernig ætti að vinna að gerð slíkrar áætlunar en ekki um það hvað áætlunin ætti að fela í sér (þótt óhjákvæmilega hafi verið komið inn á það).

### *Sameiginleg umsögn*

Á tímabilinu sendu Samtök náttúrustofa frá sér eina sameiginlega umsögn til Nefndasviðs Alþingis en hún var um heildarlög um náttúrupassa (455. mál) og var send þann 20. febrúar 2015.

### *Ársfundur Náttúrufræðistofnunar Íslands*

Að venju flutti formaður SNS ávarp á ársfundi NÍ, sem að þessu sinni var haldinn á Hótel Reykjavík Natura þann 27. mars. Umfjöllunarefni ávarpsins var samantekt um þau fjölmörgu og fjölbreyttu vöktunarverkefni sem unnin eru á náttúrustofunum. Allar náttúrustofurnar komu að undirbúningi erindisins, m.a. með því að leggja fram upplýsingar um öll vöktunarverkefni.

### *Fundur með umhverfis- og auðlindaráðherra*

Formaður hefur óskað eftir fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrúnu Magnúsdóttur. Þar sem hún er nýleg í starfi þykir rétt að fara með henni yfir stöðu náttúrustofa og brýnustu málefni er snúa að ríkinu, sér í lagi framlagi ríkisins til náttúrustofa, sem hefur rýrnað óhóflega á síðustu árum. Þá er mikilvægt að koma á fót fleiri vöktunarverkefnum sem unnin yrðu á náttúrustofunum fyrir ríkisfé.

Fram undan eru fjölmörg viðfangsefni fyrir stjórn samtakanna og aðra starfsmenn náttúrustofanna. Megi þau ganga sem best og vera til farsældar fyrir framtíð náttúrustofa.

F.h. stjórnar SNS,

Róbert A. Stefánsson, formaður 2015

Báðar skýrslur samþykktar.

## **2. Afgreiðsla reikninga**

Böðvar fór yfir ársreikning SNS fyrir rekstrarárið 2014. Heildarrekstrartekjur voru 347.547 kr. en gjöld 329.096 kr. Afkoma af rekstri var jákvæð um 18.451 kr. Eigið fé í árslok var 549.075 kr. Ársreikningurinn samþykktur með smávægum lagfæringum á framsetningu.

Náttúrustofa Suðausturlands tekur við bókhaldi SNS frá og með 1. janúar 2015.

## **3. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar.

## **4. Kosning stjórnar**

Stjórn leggur til að Kristín Ágústsdóttir taki við af Jóni Ágústi þegar hann lætur af störfum. Jafnframt er lagt til að nýja stjórn skipi þau: Kristín Hermannsdóttir (formaður), Kristín Ágústsdóttir og Óskar Sindri Gíslason. Tillagan samþykkt. Ný stjórn tekur við þann 1. janúar 2016.

## **5. Skipun í vinnuhópa**

Bjargfuglar - í hópnum eru Róbert, Lindi og Sunna. Samþykkt að halda óbreyttri skipan.  
Spendýr - í hópnum eru Róbert og Lindi. Lagt til að hópurinn starfi áfram sem rándýrahópur og Böðvar bætist í hópinn.  
Hreindýrahópur - Skarphéðinn, Lindi og Snævarr skipaðir í hópinn.  
Náttúrustofulest - sett á ís um óákveðinn tíma.  
Facebookhópur - Kristín Hermannsdóttir og Áslaug eru í hópnum - óbreytt skipan.  
Fuglastígur - lagður niður.  
Fræðsla/skiptifyrirlstrar - lagður niður.  
Ráðgjafahópur um vatnshlot - Sunna samþykkt sem fulltrúi SNS.

## 6. Kosning skoðunarmanna reikninga

Lagt til að Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir annist skoðun reikninga. Samþykkt.

## 7 Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög

Lagt til að hver stofa greiði 30.000 kr. í árgjald árið 2015. Samþykkt. Náttúrustofa Suðausturlands sendir út reikninga fyrir árgjaldið f.h. SNS.

## 8. Önnur mál

- Fram var lögð tillaga um að samræma enskt heiti allra náttúrustofa þannig að í ensku heiti komi landshluti fyrst og á eftir fylgi "Nature Research Centre". Tillagan var samþykkt samhljóða á fundinum! Jafnframt var samþykkt að enskt heiti SNS skuli eftirleiðis vera: "Association of Icelandic Nature Research Centres".
- Rætt um fyrirkomulag náttúrustofuþinga en hvorki tekin ákvörðun um næsta þing né breytingar á fyrirkomulaginu. Verður rætt nánar á fundum forstöðumanna á næstu misserum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12:55.

*Róbert A. Stefánsson*